

Strætó bs.
Magnús Örn Guðmundsson, formaður stjórnar
Hesthálsi 14
110 Reykjavík

Ársreikningur 2023 - Umsögn endurskoðunarnefndar

Meðal verkefna endurskoðunarnefndar Strætó bs. fyrir hönd stjórnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningskila og að hafa eftirlit með ytri endurskoðun félagsins.

Endurskoðunarnefndin átti nokkra fundi með ytri endurskoðendum, Grant Thornton endurskoðun ehf. (hér eftir GT), í tengslum við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar á samstæðu Reykjavíkurborgar og komu málefni Strætó bs. til umræðu á þeim fundum.

Endurskoðunarnefnd fékk kynningu á drögum að ársreikningi 2023 á fundi þann 25. mars 2024. Á fundinum lögðu GT fram skýrslu um niðurstöður endurskoðunarinnar sem þeir kynntu fyrir endurskoðunarnefnd og stjórnendum félagsins. Á fundinum lögðu GT einnig fram drög að áritun á ársreikning félagsins.

Í endurskoðunarskýrslu vegna ársreiknings koma fram helstu niðurstöður endurskoðunarinnar og er þar m.a. fjallað um þau atriði sem nefndin lagði sérstaka áherslu á. Hvað varðar ábendingar og athugasemdir vegna endurskoðunar á ársreikningi eru óverulegar athugasemdir sem lúta að innra eftirliti félagsins.

Endurskoðunarnefnd leggur áherslu á að stjórn og stjórnendur ljúki endurbótum vegna þeirra ábendinga sem fram koma í skýrslunni, en það er eitt af áhersluatriðum nefndarinnar að fylgjast með hvernig brugðist er við athugasemdum ytri endurskoðenda.

Fram kemur í endurskoðunarskýrslu GT og drögum að áritun að ársreikningurinn verði áritaður fyrirvaralausri áritun.

Það er álit endurskoðunarnefndar að ársreikningurinn sé tilbúinn til afgreiðslu fyrir stjórn.

Virðingarfyllt,

f.h. endurskoðunarnefndar
Lára Finnbogason, formaður